

Leiðbeiningar fyrir útgefendur/umsjónaraðila vegna umsóknar um staðfestingu á lýsingu.

Útgefendur/umsjónaraðilar geta haft samband við starfsmenn Fjármálaeftirlitsins (FME) með tölvupósti á netfangið lysingar@fme.is eða í síma 520-3700.

Umsókn um staðfestingu á lýsingu

- Á vefsíðu FME er að finna umsóknareyðublað um staðfestingu á lýsingu sem útgefanda/umsjónaraðila ber að fylla út. Eyðublaðið má finna undir þjónustugátt: <http://www.fme.is/thjonustugatt/eydublod/>
- Umsókninni á að fylgja útfyllt skrá yfir millitilvísanir en hana er jafnframt að finna á vefsíðu FME undir þjónustugátt: <http://www.fme.is/thjonustugatt/eydublod/>
- Umsóknareyðublaðið og tilheyrandi fylgiskjöl skal senda á netfangið: lysingar@fme.is
- Útgefandi/umsjónaraðili fær staðfestingarpóst um að umsóknin hafi borist og fær tilnefndan tengilið. Sá aðili heldur utan um samskiptin við útgefanda/umsjónaraðila og leiðbeinir í ferlinu.
- Stefni útgefandi jafnframt að töku verðbréfanna til viðskipta í Kauphöllinni getur hann haft samband við Kauphöllina samhliða umsókn til FME.

Yfirlestur fyrstu draga

- Lýsingar á að gefa út í samræmi við VI. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum, sem og reglugerðir nr. 243/2006, 836/2013 og 837/2013. Viðauki með reglugerð nr. 836/2013 (þegar hún á við) og viðaukar með reglugerð nr. 809/2004/EB eru notaðir sem gátlistar. Viðaukarnir eru lágmarkskröfur en heimilt er að hafa lýsinguna ítarlegri svo framarlega sem viðkomandi viðbótarupplýsingar eru viðeigandi. Þá bendir FME á að forðast skal óþarfa endurtekingar á milli skjala við gerð lýsingarinnar.
- Athugasemdir FME við lýsingardrögin eru settar inn sem “comment“ í drögin sjálf. Athugið að í einhverjum tilvikum er varpað fram spurningu til útgefanda/umsjónaraðila í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að engu sé gleymt og því ekki sjálfgefið að eitthvað vanti í textann.
- FME óskar eftir frekari gögnum ef þörf er á því.
- FME fer yfir lýsingar eins fljótt og auðið er. FME reynir eftir fremsta megni að koma athugasemdum til útgefanda/umsjónaraðila innan viku frá móttöku viðkomandi lýsingardraga. Athygli er þó vakin á því að FME hefur tíu virka daga, frá því að drög að lýsingu eru lögð fram, til að ákvarða hvort hún hljóti staðfestingu eða gerir athugasemdir við drögin, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 837/2013. Ef FME kemst að þeirri niðurstöðu að framlögð skjöl séu ófullnægjandi eða þörf sé á viðbótaupplýsingum, gildir tímafresturinn frá þeim degi sem FME eru láttnar slíkar upplýsingar í té. Ef útgefandi verðbréfa, sem boðin eru í almennu útboði, hefur engin skráð verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði og hefur ekki áður boðið verðbréf í almennu útboði er fyrrgreindur tímafrestur tuttugu virkir daga, sbr. 3. mgr. 7. gr.



reglugerðar nr. 837/2013. Umsjónaraðili/útgefandi þarf að hafa fyrrgreinda fresti í huga við gerð tímaáætlunar.

- Milliuppgjör – Sé uppgjör/ársreikningur ekki tilbúið/tilbúinn þarf útgefandi/umsjónaraðili að hafa skýran tímaramma um hvenær það verður tilbúið (innan tveggja vikna) og vera fullviss um að ekki verði miklar breytingar á texta og tölulegum upplýsingum í kjölfarið.

Úrvinnsla athugasemda

- Allar breytingar á texta þarf að merkja sérstaklega með „track changes“ möguleikanum í ritvinnsluforritinu Word.
- Með hverjum drögum skal fylgja yfirlýsing í tölvupóstinum frá útgefanda/umsjónaraðila þess efnis að engu öðru hafi verið breytt (þ.m.t. bætt inn í eða fellt út úr texta) en því sem sérstaklega er auðkennt í skjölunum.
- Athugasemdum FME skal svara stuttlega undir viðeigandi athugasemd.
- FME áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.
- FME bendir á nauðsyn þess að yfirfara lýsingu m.t.t. orðalags og stafsetningar áður en hún er formlega staðfest og birt opinberlega.
- Gæta þarf þess að allar tilvísanir í lög og reglur séu réttar.

Yfirlestur annarra gagna

- FME les yfir önnur gögn er fylgja útboðinu, t.d. áskriftarblað, bréf til fjárfesta, auglýsingu og tilkynningar og gerir athugasemdir ef þurfa þykir.
- Auglýsingar skulu uppfylla kröfur skv. 9. gr. reglugerðar nr. 837/2013 eða 11. gr. reglugerðar nr. 836/2013. Passa skal upp á að samræmi sé á milli upplýsinga í lýsingu og fyrrgreindra skjala.

Staðfesting lýsinga

- Lýsing verður staðfest þegar FME telur hana fullbúna. FME mun þá óska eftir að fá hana á PDF formi.
- Útgefanda/umsjónaraðila verður sent bréf um að lýsingin hafi verið staðfest. Staðfestingarbréfið verður jafnframt sent rafrænt með staðfestri lýsingu. Þá verður reikningur sendur fyrir yfirlestur og staðfestingu lýsingarinnar.
- Ef óskað er eftir töku verðbréfanna til viðskipta setur útgefandi sig í samband við Kauphöllina.
- FME fer fram á að vera upplýst um niðurstöðu útboðsins tafarlaust sé áformað að taka verðbréfin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, en annars eigi síðar en viku frá lokun þess ef um almennt útboð er að ræða.